

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Grundarfirði.

1. gr.

Leyfisgjald fyrir að halda kött í Grundarfirði, sbr. 10. gr. samþykktar nr. 368/2006 skal vera 3.000 kr.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. mars ár hvert, en eindagi er 30. mars ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ábyrgðartrygging, merkisgjald auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann 9. desember 2010 er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um kattahald í Grundarfjarðarbæ nr. 368/2006 og öðlast gildi 1. janúar 2011. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 314/2004.

Grundarfirði, 13. desember 2010.

Björn Steinar Pálmason bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2010